

Nd. **298. Frumvarp til laga** [138. mál]
um breyting á lögum nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—1976.)

1. gr.

Frestur sá, sem um ræðir í 16. gr. laga nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 1. gr. laga nr. 90/1975, um breyting á þeim lögum, breytist þannig, að Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefni eigi síðar en 15. mars 1976.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er ríkissáttasemjara heimilt, ef annar hvor aðili óskar þess, að leita sátta milli aðila allt til 7. mars 1976.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er leitað eftir heimild Alþingis til að framlengja frest skv. 16. gr. laga nr. 46/1973, sbr. 1. gr. laga nr. 90/1975, enn um einn mánuð, til þess að betri tími gefist til þess að ná samkomulagi í yfirstandandi deilumálum milli fjármálaráðherra og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Jafnframt er ríkissáttasemjara veitt heimild til að leita sátta milli aðila til 7. mars 1976, ef annar hvor aðili óskar þess.

Með lögum nr. 90/1975 var þágildandi frestur framlengdur um einn mánuð. Ástæðan fyrir frestunardeiðni þessari nú er sú, að aðilar eru sammála um að reyna til þrautar að ná samkomulagi, en sá tími, sem nú er eftir til ráðstöfunar af gildandi fresti, er fyrirsjáanlega of skammur.